

LÖG
um breytingu á lögum um kaup á íbúðarhúsnæði
í Grindavík, nr. 16/2024 (lögheimili).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. málsl. 3. mgr. 1. gr. laganna bætist: og þá er heimilt að víkja frá skilyrði um lögheimili ef þinglýstur eigandi festi kaup á húsnæðinu í þeim tilgangi að aðstoða nána fjölskyldumeðlimi við að eignast heimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 2024.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.